
Urðunarstaður í Laugardal við Húsavík, Norðurþingi

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að urðunarstaður í Laugardal við Húsavík sé ekki líklegur til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háður mati á umhverfisáhrifum.

Gert er ráð fyrir urðunarstaðnum í gildandi aðalskipulagi og auglýstu deiliskipulagi svæðisins. Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Sorpsamlag Þingeyinga og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til **21. janúar 2014**.



Skipulagsstofnun

20. desember 2014

INNGANGUR

Þann 30. október 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Sorpsamlagi Þingeyinga um urðun á allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi árlega á urðunarstaðnum í Laugardal samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 11 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Norðurbings, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyinga f.h. Norðurbings með bréfi dags. 16. desember 2013, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 8. nóvember 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. nóvember 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhugað framkvæmd. Fram kemur að unnið er að endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn í Laugardal í Norðurbingi. Fyrirhugað er að urða allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Svæðið er í landi Norðurbings, beint norður af Húsavíkurhöfða og hefur þegar verið nýtt til urðunar óvirks úrgangs og geymslu á brotajárni, dekkjum og úrgangstimbri um nokkurt skeið. Einnig stendur til að nota svæðið áfram sem geymslusvæði fyrir endurvinnsluúrgang s.s. brotajárn, dekk og úrgangstimbur.

Áhrif á landslag. Fram kemur að svæðið sé í aflíðandi brekku ofan við ströndina og neðan þjóðvegur og einkennist mest af náttúrulegum skorningum og dældum. Svæðið sé allt vel gróið en þegar nokkuð raskað af fyrri urðun. Vegna landslagsins er urðunarsvæði og geymslusvæði lítið áberandi frá þjóðvegnum. Svæðið sem afmarkað er fyrir núverandi urðunarstað á aðalskipulagi og deiliskipulagi er 6,7 ha að stærð. Áhrif á landslag muni verða hverfandi eftir að urðun líkur þar sem svæðið verður þá allt útjafnað og mótað að næsta nágrenni auk þess sem það verður ræktað upp.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að áhrif af framkvæmdinni á gróður séu talin óveruleg þar sem röskun á svæðinu hafi þegar átt sér stað vegna starfsemi undanfarinna ára. Svæðið verði ræktað upp eftir að landmótun hafi farið fram og verði plöntuval í samræmi við plöntur í nágrenni. Áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf eru talin óveruleg þar sem að svæðið sé þegar raskað og svæðið ekki umfangsmikið.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að áhrif á fornminjar verði engin, þar sem að engar þekktar minjar séu innan svæðisins skv. aðalskipulagi Norðurbings. Verði vart við hugsanlegar fornminjar við gröft á urðunarsvæðinu verði verk stöðvað og Minjastofnun Íslands strax tilkynnt um þær.

Áhrif á loftægð og grunnvatn. Fram kemur að úrgangur sem að urða eigi á svæðinu sé ólífrænn og óvirkur og því stafi ekki af honum lyktarmengun og skolast frá honum hverfandi magn af efnum sem mengað geti grunnvatn eða yfirborðsvatn. Ríki vafi um það hvort úrgangur sem urða á innan svæðisins sé óvirkur verði útskolunarpróf eins og tilgreind eru í reglugerð um urðun látið ráða þar um. Engin nýting sé á grunnvatni neðan urðunarsvæðis.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag Norðurbings 2010-2030 og auglýst deiliskipulag.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Norðurbings, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugað framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að fullyrðing í tilkynningu þess efnis að ekki sé þörf á vöktunarmælingum vegna þess að verið sé að urða lífrænan og virkan úrgang á ekki við rök að styðjast. Í reglugerð nr. 738/2003 er gert ráð fyrir vöktunarmælingum á urðunarstað eins og þeim sem hér um ræðir.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða áform um urðun á allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi árlega á urðunarstaðnum í Laugardal, Norðurþingi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 11 b í 2. viðauka.

Fyrir liggur að urðun hefur farið fram í Laugardal í nokkuð langan tíma og að neikvæð áhrif urðunar eru að mestu komin fram, þ.m.t. sjónræn áhrif hennar. Skipulagsstofnun telur að búast megi við áframhaldandi sjónrænum áhrifum af urðun, en með góðum frágangi og umgengni á svæðinu má halda áhrifum á landslag í lágmarki. Áhrif á loftgæði eru talin óveruleg þar sem um er að ræða urðun og geymslu á óvirkum úrgangi. Skipulagsstofnun telur að áhrif á gróður verði lítil þar sem um er að ræða raskað svæði sem grætt hefur verið upp að mestu.

Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Sorpsamlags Þingeyinga við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstað í Laugardal við Húsavík, sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 722/2012 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999.

Gert er ráð fyrir urðunarstaðnum í gildandi aðalskipulagi og auglýstu deiliskipulagi.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Sorpsamslag Þingeyinga og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. janúar 2014.

Skipulagsstofnun

Jakob Gunnarsson

Valur Klemensson